

Samkomulag mennta- og menningarmálaráðherra og Kennarasambands Íslands

1. gr.

Til að uppfylla 3. efnisgrein 7. greinar gildandi kjarasamnings KÍ og fjármálaráðuneytisins (sbr. niðurstöðu Félagsskýrslu frá 22. sept. 2016) leggur mennta- og menningarmálaráðuneyti fram á bilinu 350-400 m.kr. á ársgrundvelli til endurmats á vinnumati í framhaldsskólum frá upphafi skólaárs 2018.

Endanleg fjárhæð innan þessara marka ræðst af niðurstöðu á endurmati þeirra áfanga sem tilheyra meginbreytingu skv. 7. grein kjarasamnings. Mennta- og menningarmálaráðuneyti og KÍ hafa formlegt samráð um málið og niðurstöðu þess.

Útfærsla og skipting framlaganna fer fram í hverjum skóla, eftir kennsluviðum og með hliðsjón af áhrifum af breyttu námsskipulagi á kennslufyrirkomulag.


Endurmat á vinnumati áfanga fer fram í hverjum framhaldsskóla og skal lokið fyrir 15. júní 2018 og koma til framkvæmda frá 1. ágúst 2018.

2. gr.


Aðilar eru sammála um að áframhaldandi þróun og mótun vinnumats verði í hverjum framhaldsskóla í samræmi við faglegar áherslur og viðauka 1 í kjarasamningi.

Aðilar samkomulags þessa munu skapa vettvang fyrir formlegt samstarf um endurskoðun aðferða og leiðbeininga um framkvæmd vinnumats í skólum. Þess verður gætt að rými sé fyrir skóla til að útfæra skólafélag sín og farvegur skapist fyrir skóla og kennara til að þróa nýjar aðferðir.

Reykjavík, 23. apríl 2018



Mennta- og menningarmálaráðherra



F.h. Kennarasambands Ísland